

8. gr.

33

Stjórn sjóðsins skal halda gjörðabók og skulu í hana ritaðir reikn- 29. mars
ingar sjóðsins og skýrslur um tekjur hans og úthlutun styrktarfjár;
ennfremur skal í hana rita allar ákvarðanir sjóðsstjórnarinnar og kosn-
ingar í sjóðsstjórnina.

9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Vigur, 15. febrúar 1927

Í stjórn:

Ragnhildur Jakobsdóttir,
Ögri.

Björg Björnsdóttir,
Vigur.

H. Þ. Jakobsdóttir,
Ögri.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir sjóð síra 34
Björns Þorlákssonar, útgefinn á venjulegan hátt að mandatum af dóms- 29. mars
og kirkjumálaráðherra 29. mars 1927. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um

Sjóð síra Björns Þorlákssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er myndaður með 500 kr. frá sýslunefnd Norður-Múla-
sýslu, sem ákvað, að sjóðurinn skyldi heita: „Sjóður síra Björns Þorlaks-
sonar“, og síra Björn ráða fyrirkomulagi hans. Við sjóðinn bættust 300
kr. frá hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps, og annarsstaðar frá komu
1760 kr., svo sjóðurinn er allur í upphafi 2560 kr.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðsins, og allir
vextir leggjast árlega við, uns hann er orðinn 12000 kr. Síðan skulu hálf-
ir vextir leggjast við, en hálfir borgast út.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 24000 kr., skulu $\frac{3}{4}$ vaxta borgast út, en
 $\frac{1}{4}$ leggjast við.

34

4. gr.

Vextir, sem bogast út, skulu ganga til styrktar gamalmennahælis í Seyðisfirði á Austfjörðum, ef það verður komið upp, er vextir byrja að greiðast út. Annars til styrktar gamalmennahæli í Norður-Múlasýslu. Vextirnir greiðast til stjórnar þess hælis, er styrksins á að njóta. Komist hvorugt hælið upp eða leggist niður, skulu allir vextir leggjast við, til þess er sjóðurinn er orðinn 24000 kr.

5. gr.

Komist gamalmennahælið ekki upp eða leggist niður, skal bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og sýslunefnd Norður-Múlasýslu kveða á, hvernig vöxtunum skuli varið, er útborgast eiga, og skal þá Söfnunar-sjóðurinn greiða þeim vextina, er þær tilnefna.

Reykjavík, 1. mars 1927.

Björn Þorláksson.

35

29. mars

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns biskups Vídalíns, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 29. mars 1927. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um

Minningarsjóð Jóns biskups Vídalíns.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Jóns biskups Vídalíns“, og var myndaður 1921 með 570,10 kr., og hefir síðan ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðsins, og er í dag orðinn 772,86 kr.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast áfram á sama stað, þannig, að allir vextir leggjast við til ársloka 1964.

3. gr.

Úr því skal aðeins $\frac{1}{4}$ vaxta leggjast við sjóðinn, en $\frac{3}{4}$ greiðast árlega 21. mars, og í fyrsta skifti 1966, til stjórnar guðfræðisdeildar